

Fundagerð 11. stjórnarfundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 24 apríl kl. 14:00 á skrifstofu ÞK.

Mætt voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Árni Sigfússon, varastjórnarformaður

Helga Sigrún Harðardóttir, varastjórn

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundagerð.

1. Fundagerð síðasta stjórnarfundar  
Fundagerð síðasta stjórnarfundar var borin upp og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum
2. Staða verkefna.
  - a. Viðhald – Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna
  - b. Þróunarmál – Ráðning starfsmanns. Ákveðið var að ráða inn viðbótarstarfsmann til að sinna þróunarmálum.
  - c. Mengunarmál – Farið var yfir með hvaða hætti staðið verður að fyrstu skrefunum í mengunarúttektum.Sala og leiga eigna.
  - a. Stjórnin ákvað að yfirfara þyrfti betur þau tilboð sem borist hafa í eignir og ræða við þá tilboðsgjafa sem teljast innan ásættanlegra verðmarka.
  - b. Leiga húsnæðis - Farið var yfir stöðu í leigumálum. Samþykkt var útfærsla leigusamnings til eins árs við Brunamálaskólann. Ennfremur voru ræddir aðrir leigusamningar.
3. Stofnun félags um háskólarekstur.  
Tekið var fyrir erindi frá óstofnuðu félagi um háskólarekstur um nýtingu húsnæðis á svæðinu. Enn fremur var farið yfir hver aðkoma ÞK gæti verið að slíku félagi.
4. Rekstur dreifikerfa.  
Farið var yfir með hvaða hætti rekstri dreifkerfa væri best fyrir komið á svæðinu. Ræddar voru tillögur HS um rekstur kerfisins en ekki var tekin formleg afstað til þeirra að svo stöddu.
5. Önnur mál  
Tekið var fyrir erindi frá vélhjólamönnum. Ekki var ákveðið að bregðast við erindinu að svo stöddu þar sem ekki væri ljóst með hvaða hætti svæðinu yrði ráðstafað undir atvinnustarfsemi né væri skýrt með hvaða hætti slíkt verkefni legði lið markmiðum ÞK um uppbyggingu á svæðinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið